

Söngfélag Skaftfellinga

Fyrsta söngæfing 41. starfsárs var þriðjudaginn 17. september 2013. Æfingar verða áfram á þriðjudagskvöldum kl. 20 í Skaftfellingabúð.

Söngfélagið hélt sérstaka afmælistónleika í Seltjarnarneskirkju þann 4. apríl sl., auk þess sem fjörutíu ára söngferils var minnst þann 5. maí í vorkaffi Skaftfellingafélagsins. Þá er af þessu tilefni gefinn út geisladiskurinn *Hér brosir döggin*, en á honum eru 20 innlend og erlend sönglög sem kórin hufur æft síðustu sex ár undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar söngstjóra. Jóna G. Kolbrúnardóttir sópran syngur einsöng, en um hljóðfæraleik sjá Jón Rafnsson á kontrabassa, Vignir Þór Stefánsson píanó, Matthías Stefánsson fiðlu og Benedikt Brynleifsson slagverk. Upptökum sem fram fóru sl. vor í Seltjarnarneskirkju stjórnari Hilmar Sverrisson. Geisladiskurinn er væntanlegur í dreifingu nú á næstu dögum.

Í tilefni af 75 ára afmæli Landssambands blandaðra kóra verður efnt til kórahátíðar helgina 19. - 20. október í Hörpu. Tuttugu og þrjú kórar syngja stutta söngdagskrá í Norðurljósum og víðs vegar um Hörpu kl. 13:30 – 17:00 laugardaginn 19. október. Söngfélagið tekur þátt í þessari kórahátíð og syngur í Norðurljóssal Hörpu á laugardeginum kl. 16:20 nokkur lög af nýutkomnum diskum sem verður þar til sölu á kr. 2.500. Aðgangur er ókeypis. Á sunnudeginum munu þessir kórar eða um 800 kórsöngvarar syngja á hátíðartónleikum í Eldborg kl. 15.00. Frumflutt verður „Upphaf“, lag Hreiðars Inga Þorsteinssonar og sungið Gloria og Sanctus eftir Robert Sund sem jafnframt er aðalstjórnandi kórahátíðarinnar. Nokkrir kórar flytja eigin dagskrá og allir kórar sameinast í þjóðsöngnum og 4 perlum íslenskra kórbókmennta og tónleikagestir syngja með. Hægt er kaupa miða á midi.is en aðgangseyrir er kr. 3.700 eða kr. 3.200 eftir staðsetningu. Sjá midi.is - kórahátíð.



Aðventustund sunnudaginn 8. desember 2013 – kl. 15

Söngfélagið syngur jólalög - kaffiveitingar og gengið í kringum jólatré.
Aðgangseyrir kr. 1.200 fyrir fullorðna

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2013-2014

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@uar.is
Anna Sigurðardóttir	564 2210	861 5817	anna@brunabot.is
Jón Geir Birgisson	567 5558	865 6604	jongeir@reykjafell.is
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpfoss@simnet.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	856 9670	svavar@technik.is

Varamenn Gunnþóra Gunnarsdóttir – Hákon Jón Kristmundsson – Rúnar Þór Guðbrandsson

Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á skaft@skaft.is

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Skúla Oddssonar s. 864 3415.



Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955
Ritstjóri: Sigurlaug J Sigurðardóttir

2. tbl. október 2013

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

- **Spilakvöld í samstarfi við Rangæinga í Skaftfellingabúð**
fimmtudaga kl. 20
10. október 2013
31. október 2013
14. nóvember 2013
28. nóvember 2013

- **Einleikur um sr. Jón Steingrímsson í Skaftfellingabúð**
fimmtudag kl. 20
7. nóvember 2013

- **Fyrirlestur og myndakvöld í Skaftfellingabúð**
fimmtudag kl. 20
21. nóvember 2013

- **Aðventustund í Skaftfellingabúð**
sunnudag kl. 15
8. desember 2013

- **Sumarskálm 2013**
Lómagnúpur, Hörgsdalsheiði og Kálfafellskot
4.- 6. júlí 2013

- **Söngfélagið í Skaftfellingabúð**
Söngæfingar
þriðjudagskvöld kl. 20

- **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Fylgist með á skaft.is og facebook

Fýlaveisla

Hin árlega og ómissandi fýlaveisla verður í Skaftfellingabúð fyrsta vetrardag,

laugardaginn 26. október 2013

og hefst með borðhaldi kl. 20.

Húsið verður opnað upp úr kl. 19.

Að venju verður borinn fram saltaður fýll úr Mýrdalnum, veiddur af Tryggva Ástþórssyni og verkaður undir vökulum augum Málfríðar Eggertsdóttur.

Inga Jóna Sigfúsdóttir matreiðir herlegheitin sem fyrr með aðstoð Rósu Haraldsdóttur.

Einnig verður boðið upp á hangikjöt og meðlæti.

Sögumaður Þorsteinn Jakobsson frá Skaftafelli.

Hljómsveit skipuð Hilmar Sverrissyni og Vilhjálmi Guðjónssyni sér um dansmúsíkina.



Miðapantanir til og með 23. október
Hákon (821 2115) og Helgi (899 4818)

Aðgangur kr. 6.000

Fyrirlestur og myndakvöld

Fimmtudaginn 21. nóvember kl. 20 mun Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur flytja fyrirlestur og myndasýningu um þær rannsóknir sem hann hefur gert í Skaftafellssýslum, sem spanna frá uppgreftri á Hólmi í Laxárdal í Nesjum 1996 til skoðunar fornra rústa á Síðuheiði. Sjá nánar um rannsóknir hans á heimasíðunni: <http://fornstofan.is/>
Aðgangur er ókeypis, en seldar verða veitingar í hléi.

Vildarvinir Skaftfellingafélagsins

Eins og viðtakendur Fréttabréfsins eflaust vita hefur Skaftfellingafélagið ekki innheimt árstíllög um árabíl. Félagsmannahópurinn hefur verið óskilgreindur en öllum sem tengsl hafa við Skaftafellssýslurnar tvær er heimili þátttaka í þeim viðburðum sem félagið stendur fyrir. Starfsemin hefur verið með blóma því margir kunna að meta það að spila, spjalla, snæða, syngja, dansa og fræðast í góðum félagsskap sveitunga og vina að austan. En peningar eru afl flestra hluta og þó að sumir viðburðir standi undir sér fjárhagslega hefur félagið verið rekið með halla síðustu ár. Þar vegur húsnæðiskostnaðurinn þyngst. Því hefur stjórnin ákveðið að bjóða Skaftfellingum að gerast vildarvinir félagsins með því að leggja því til 1.500 krónur á ári. Framlöggin eru þó ekki skilyrði fyrir þátttöku í því sem félagið býður upp á. Þar verða eftir sem áður allir jafn velkomnir. Til að gera innheimtu framlaga sem ódýrasta og þægilegasta fyrir félagið mun verða farin sú leið að nota netbankann. Því mun á næstu vikum dúkka upp 1.500 króna upphæð til greiðslu hjá þeim viðtakendum Fréttabréfsins sem eru tengdir netbönkum. Þar geta þeir kosið að hunsu hana eða gerast góðfúslega vildarvinir Skaftfellingafélagsins, starfsemi þess til heilla.

Fréttabréf í tölvu til sem flestra

Fréttabréf Skaftfellingafélagsins mun koma út tvisvar í ár, eins og í fyrra. En þar sem pósthúsgjöld hækka stöðugt er freistandi að senda bréfið í tölvupósti til þeirra sem hafa netfang. Þar er smá sparnaðarleið fyrir félagið. Farið hefur verið í sófnun netfanga í þessu skyni og flestir sem á annað borð eru tölvutengdir taka því vel að lesa fréttirnar á skjánum í stað þess að fá þær inn um bréfalúguna. Upplagt er líka að prenta bréfið út heima eða í vinnunni, ef prentarar eru fyrir hendi á öðrum hvorum staðnum, til að hafa það sem aðgengilegast. Viðtakendum fréttabréfsins sem ekki hafa þegar gefið félaginu upp netfang sitt, en vilja fá bréfið áfram, og geta hugsað sér það á tölvutæku formi, er vinsamlega bent á að senda póst á netfang félagsins, skaft@skaft.is. Gæta þess bara að upplýsingar um fullt nafn og heimilisfang fylgi með. Þeir sem hvorki kæra sig um fréttabréfið í lúgu né tölvu er bent á að láta félagið vita um þann vilja sinn.

Einleikur um sr. Jón Steingrímsson í Skaftfellingabúð. 7. nóvember, kl. 20

Jón Steingrímsson er kunnastur fyrir eldmessuna er hann flutti í miðjum Skaftáreldum, en hver var hann, hvaðan kom hann og hver urðu örlög hans? Hér er sögð saga frá 18. öld af góðum bónda, lækni og presti sem þarf að takast á við afleiðingar skelfilegustu náttúruhamfara Íslandssögunnar á tímum örbirgðar og undirokunar.

„Árið 1783 þann 8. júní, sem var hvítasunnuhátíð, í heiðríku og spöku veðri um dagmálabil, kom upp fyrir norðan næstu byggðafjöll á Síðunni svart sandmistur og mokkur svo stór, að hann á stuttum tíma breiddi sig yfir alla Síðuna“.

Þannig segir séra Jón Steingrímsson frá upphafi Skaftárellda í eldriti sínu. Frá Jóni eru komnar nákvæmustu lýsingarnar af Skaftáreldum sem varðveittar eru.

Leikverkið byggir að mestu á skrifum Jóns, en um leið vekur það spurningar um hliðstæður við hamfarir af völdum manna og náttúru sem yfir þjóðina hafa dunið á síðustu árum. Höfundur handrits og leikari er Pétur Eggerz, leikstjóri Sigrún Valbergsdóttir, leikmynd gerði Rósa Sigrún Jónsdóttir, búninga Thelma Björnsdóttir og hljóðmynd er eftir Guðna Franzson. Aðgangur ókeypis.

Sumarskálmar á Lómagnúpi, um Síðu og Fljótshverfi 4.-6. júlí

Skálmara tóku U beygju í upphafi sumars. Hættu við að stefna á hæðir Skotlands og fóru heim í sveitina fögru og gengu þar um heiðar og dali. Vissulega var Skotland heillandi en sveitin sveik okkur hvorki um fegurð né veður og vonandi getum við síðar siglt yfir hafið og gengið um heiðar hálandahöfðingjanna. Miðvikudaginn 3. júlí 2013 héldu nokkrir Skálmara að Heiðarseli en einhverjir gistu í sumarbústöðum sínum því þarna voru Skaftfellingar á heimavelli. Kyrrðin í Heiðarseli var heillandi og fólk varð að tala hvert við annað því öll fjarskiptatæki hættu að virka við túngarðinn. Skemmtileg tilbreyting.



Á Lómagnúpi
Ljós. Lauga

Morguninn eftir héldu 13 Skálmara á Lómagnúpi í góðu veðri. Það voru örtiltar skúrir bara rétt til að bleyta í öskunni sem er víða á þessum slóðum.

Gengið var upp að austan, inn Hvirfildal og upp að vörðunni sem reist var 1903. Það er grýtt að ganga uppi á Lómagnúpi en útsýnið er ógleymanlegt. Á niðurleiðinni lagðist svartapoka yfir og við þökkuðum okkar sæla fyrir að hafa ekki gengið fram allan Núpinn. Eigum það eftir í næstu ferð. Farið var niður að vestanverðu, skoðaðir fossar og gil og stórkostlegir klettaveggir Lómagnúps. Gengum vestur yfir Núpsstaðarheiði og niður hjá bænum á Núpsstað. Gangan var alls um 20 km, og tók um 10 tíma. Eftir spjall, gleði og góðan nætursvefn mættum við galvösk í göngu til Elsu Dóru í Hörgsdal. Fyrst fengum við kaffi á pallinum í sumarbústaðnum hjá Elsu og Einari Bjarna og síðan var gengið upp greiðfæran slóða.

Ringingin hékk yfir en náði ekki til okkar allan daginn. Við ákváðum þó að fara ekki á Háahnúk sem er eystri hluti Kaldbaks heldur gengum allhált upp á Hörgsdalsheiðina og niður með Hörgsárgljúfri sem er stórkostleg náttúrusmíð sem fáir hafa séð. Þriðja daginn var veðurútlit ansi dökkt. Ský hvert sem litið var. Hörður í Kálfafellskoti ætlaði að taka á móti hópnum og lóðsa inn með Brúará og upp á Harðskafa. Hringt var til Harðar um morguninn og kannaðar aðstæður í Kotinu; svartapoka niður að bæ. Þegar leið á morguninn lyftist þokan og við ákváðum 16 að fara af stað og ganga hvernig sem veðrið væri. Og viti menn, dagurinn var bjartur og göngufæri eins og best verður á kosið. Fyrst gengum við upp að fossinum í túnfætinum sem Kjarval gerði ódauðlegan með málverki þar sem sjá má andlit ábúenda. Heitir sá Reykjafoss.



Við Hrafnárfoss
Ljós. Kristinn Kjartansson

Eftir það gengum við inn með Harðskafa að Hrafnárfossi sem er hár og tignarlegur. Þar fóru nokkrir yfir Hrafnána sem var allnokkuð djúp. Allir komust heilir yfir þó að illa liti út um tíma þegar sumir endasentust ofan í ána en aðrir óðu svo djúpt að litlu munaði að flytu niður ána. Hluti hópsins lagði ekki í ána og Harðskafann en gekk niður með Brúaránni og austur að Blómsturvöllum. Þar eru skemmtilegir fossar vestan við bæinn og stórkostlegt stuðlaberg austan við hann. Að lokinni góðri göngu var grillað að hætti Skálmara og vígður veislusalur sem Hörður græjaði í hlöðunni á Kálfafellskoti. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir. Kristinn og harmonikkann mættu og stemnigin var alveg eins og vera ber eftir vel heppnaða göngudaga Skálmara.